

Getum við borgað ??

Á Ísland einhvern séns eða erum við “gjaldþrota”

Hugleiðingar Elíasar Péturssonar um ríkisfjármál og kreppu.

Gert í byrjun febrúar 2009

Tekjur ríkisins

Tafla 1 Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstraryfirlit A-hluta				
	Reikningur	Fjárlög	Heimildir ¹	Frumvarp	Fjárlög
	2007	2008	2008	2009	2009
Skatttekjur	408.997	430.425	406.640	399.763	364.332
Skattar á tekjur einstaklinga	114.466	128.500	123.594	111.000	103.313
Skattar á tekjur lögaðila	36.584	45.500	34.000	27.200	22.100
Tryggingagjöld	38.902	41.279	40.431	42.033	39.819
Eignarskattar	11.956	11.723	7.803	8.449	7.063
Virðisaukaskattur	137.710	138.000	135.899	145.100	128.196
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	63.022	58.228	57.229	58.327	52.751
Skattar ótaldir annars staðar	6.358	7.195	7.684	7.654	11.091
Aðrar rekstrartekjur	39.555	36.369	51.134	45.921	30.413
Arðgreiðslur	3.581	1.557	1.651	2.130	2.130
Vaxtatekjur og eignatekjur	25.011	25.382	39.668	33.458	22.288
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	10.963	9.430	9.815	10.333	5.995
Sala eigna	20.480	5.200	2.000	3.300	6.300
Fjárframlög	2.251	1.446	1.358	1.486	1.453
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	14.845	0	0	0	0
Tekjur samtals	486.129	473.440	461.132	450.470	402.499

402.499.000.000,-

Gjöld

!!!! 215 milljarðar fara beint í launagreiðslur eða rétt tæp 60% af skatttekjum !!!

Æðsta stjórn ríkisins	3.416	3.652	3.695	3.665	3.783
Forsætisráðuneyti	1.823	2.166	2.614	2.306	2.221
Menntamálaráðuneyti	49.590	53.378	55.207	61.809	58.801
Utanríkisráðuneyti	7.544	8.908	9.012	11.428	12.257
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	15.956	16.350	17.279	17.784	17.547
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	22.275	23.461	23.776	27.188	23.456
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	71.082	85.414	84.692	102.481	113.141
Heilbrigðisráðuneyti	97.577	101.824	105.682	119.371	115.660
Fjármálaráðuneyti	54.656	48.417	61.119	52.970	55.235
Samgönguráðuneyti	38.351	54.909	56.049	57.316	50.973
Iðnaðarráðuneyti	5.010	5.498	6.113	6.480	6.281
Viðskiptaráðuneyti	1.915	2.323	2.984	2.729	2.715
Umhverfissráðuneyti	6.105	6.167	6.455	7.217	6.632
Vaxtagjöld ríkissjóðs	22.220	21.764	32.700	34.670	86.940
Gjöld samtals ²	397.522	434.232	467.378	507.414	555.641
Tekjujöfnuður	88.607	39.208	-6.246	-56.944	-153.142

¹ Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum árs ins.

² Í skiptingu gjalda á milli ráðuneyta hefur verið leiðrétt fyrir breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins frá og með 2007.

555.641.000.000,-

Og niðurstaðan 2009 er.....

Sem er 38% af
tekjum ríkisins

Mínus... 153.142.000.000,-

Og við erum ekki farin að tala um...

✓IMF ofl.	680.000.000.000
✓ICESLAVE	600.000.000.000

En samkvæmt björtustu vonum þurfum við ekki að nota "nema" 150.000.000.000, ég vona að mismunurinn sé á góðum vöxtum.

Halli á fjárlögum samkvæmt vefriti fjármálaráðuneytis árin 2010 og 2011 verður 160.000.000.000,-

Við lofuðum IMF að vera með hallalaus fjárlög 2012

Er ríkið að spara??

Tafla 5

Skipting útgjalda eftir málaflokkum ¹

	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Heimildir ² 2008	Frumvarp 2009	Fjárlög 2009	Breyting milli '08 & '09	Hlutfalla af tekjum '09
Rekstrargrunnur, m.kr.							
Almenn opinber þjónusta	18.217	22.548	25.052	28.097	29.026	15,86%	7,21%
Löggæsla og öryggismál	15.234	17.495	20.584	22.599	19.614	-4,71%	4,87%
Fræðslumál	34.004	38.059	42.821	48.916	45.950	7,31%	11,42%
Heilbrigðismál	88.489	97.994	106.780	120.304	116.397	9,01%	28,92%
Almannatryggingar og velferðarmál	71.553	81.169	97.349	115.855	127.292	30,76%	31,63%
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.622	5.397	5.476	6.954	5.378	-1,79%	1,34%
Menningar- og kirkjumál	13.979	15.335	16.702	16.884	16.135	-3,39%	4,01%
Eldsneytis- og orkumál	2.314	2.285	2.867	2.927	2.836	-1,08%	0,70%
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	16.307	16.757	17.113	17.739	17.475	2,12%	4,34%
Iðnaðarmál	1.560	1.681	1.971	2.149	2.098	6,44%	0,52%
Samgöngumál	21.941	26.391	43.195	46.408	39.446	-8,68%	9,80%
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.847	6.227	8.811	9.171	9.914	12,52%	2,46%
Önnur útgjöld ríkissjóðs	48.103	66.185	78.659	69.410	124.081	57,75%	30,83%
Samtals	340.170	397.522	467.378	507.414	555.641	18,88%	138,05%

¹ Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

² Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins.

**hækkun á útgjöldum frá 2007
er 39,78%**

**Nei, hækkun á útgjöldum
frá 2008 er 18,88%**

Hvað er framundan í atvinnulífinu, mun það bjarga okkur út úr kreppunni?

- ✓ Atvinnulausir verða 15 til 25.000 þetta og næsta ár
 - ✓ Atvinnuþryggingasjóður tæmist seinnihluta 2009, eftir það hlýtur ríkið að þurfa að fjármagna sjóðinn með lánum.
- ✓ Hagkerfið er í hægagangi,
 - lækkun verður á skatttekjum
 - eldri kröfur innheimtast ekki
 - Innflutningur minnkar = vörugjalda og tollatekjur lækka
- ✓ Uppsafnaður offjárfestingavandi fyrirtækja og einstaklinga mun kosta hundruð ef ekki þúsundir milljarða í töpuðum útlánum.
- ✓ Fyrirtæki og einstaklingar eru að greiða 25 til 30% vexti af lánum.
- ✓ Eftirfarandi frétt kom á ruv.is, samkvæmt henni skuldar hópur einstaklinga einn til 6 milljarða

Skulda fyrirtækin 15.650 milljarða?

Nokkrir heimildarmenn Fréttastofu Ríkisútvarpsins segjast hafa hlerað úr herbúðum ríkisskattstjóra að íslensk fyrirtæki, þar á meðal bankarnir, skuldi 15.650 milljarða króna. Frá þessu verði sagt í næsta tölublaði Tíundar, sem sé fréttablað Ríkisskattstjóra. Þá skuldi sumir einstaklingar gríðarlegar fjárhæðir, sá djarftækasti til fjár 6 milljarða króna. Margir 1-2 milljarða. Torsótt hefur verið að fá yfirlit yfir heildarskuldir Íslendinga, íslenska ríkisins, íslenskra banka, íslenskra fyrirtækja og íslensks almennings.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alpýðusambands Íslands, gagnrýndi það fyrir hálfum mánuði að illa gengi að fá nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu ríkisins, og hvernig greiða ætti niður skuldir.

Þá hafði Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagt skuldir ríkisins nema 2.100 milljörðum króna, og bætt við að hægt yrði að minnka þær um helming á þremur til fjórum árum.

« Til baka

Fara á fréttavef »

Getur atvinnulífið lagt meira að mörkum?

Gylfi Magnússon: Mörg fyrirtæki eru nánast sem lifandi lík

Samkvæmt fréttum skuldar atvinnulífið

5.518 milljarða.

Um er að ræða erlendar og innlendar skuldir og er vaxtakostnaðurinn ca. **670 milljarðar.**

	Hlutf.		Vextir	Vaxtagr.	
Heildar skuldir		5.518 milljarðar			
Erlendar skuldir	68%	3.752 milljarðar	7%	262,66 milljarðar	
Innlendar skuldir	32%	1.766 milljarðar	23%	406,12 milljarðar	
Samtals vaxtakostnaður atvinnulífs 2009				668,78 milljarðar	

Ætla má mv tölur Hagstofu fyrir 2007 að heildarvelta virðisaukaskyldra fyrirtækja sé ca 2.500 milljarðar án vsk, sem sagt 27% veltu fer í vexti.

Heildarvelta eftir atvinnugreinum og tímabilum 2001-2008

	Alls							
	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Samtals	1.262.954	1.294.011	1.339.442	1.551.551	1.757.835	2.063.298	2.287.985	2.214.389

Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum, án VSK. Miðað er við ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkunina.

Síðast uppfært: 2009-01-19

Eining: Milljónir króna

Tímabil: 2001-2008

Fyrstu tíu mánuðir
ársins

Samkvæmt fréttum skuldar sjáfarútvegurinn

4 til 7 hundruð milljarða.

Ef farinn er varlegur millivegur og skipting erlendra og innlendra skulda áætluð eins og kom fram í fréttum fyrir stuttu um skuldir atvinnulífs almennt

	Hlutf.			Vextir	Vaxtagr.
Heildar skuldir		500	milljarðar		
Erlendar skuldir	68%	340	milljarðar	7%	23,8 milljarðar
Innlendar skuldir	32%	160	milljarðar	23%	36,8 milljarðar
Samtals vaxtakostnaður sjáfarútvegs 2009					60,6 milljarðar

Heildarútflutningsverðmæti sjáfarútvegs 2008 er áætlað 170 milljarðar, með öðrum orðum 35% af útflutningstekjum fara í vexti.

Það má því reikna með að atvinnulífið muni lítið geta lagt að mörkum umfram það gert er í dag.



Ljóst má vera að þjóð með atvinnulíf í rúst og halla upp á 153 milljarða 2009 og 160 milljarða 2010 og 2011 (= 313 milljarðar) mun ekki greiða niður skuldir, í það minnsta ekki á meðan halli er á fjárlögum.

Leiða má líkum að því að vaxtakostnaður á næsta ári verði 125 til 150 milljarðar og 2011 verði hann 150 til 200 milljarðar.

Sem sagt uppsafnaður halli og vaxtakostnaður 2012 þegar okkur er sagt að það fari að sjást til sólar verður 600 milljarðar eða meira.

Það bætist ofan á 1000 til 2000 milljarða skuldir.

Enginn hefur samt tekið þetta almennilega saman og tölur eru misvísandi jafnvel á heimasíðum ráðuneyta og stofnana.

Lesmál og gögn á heimasíðum stofnana og ráðuneyta eru reyndar stundum þannig að ætla mætti að hugmyndasmiðir útrásarinnar og hagfræðingar hefðu samið textann í sameiningu.

Staðan samantekin er því nokkurn veginn svona, "helvítis fokking fokk"

Þá eru td þessar spurningar eftir,

Getur þjóð með ca. 400 milljarða árstekjur staðið undir.....

- afborgunum af 2000 milljarða lánum?
- vaxtagreiðslum upp á 25 til 50% af tekjum?
- kerfi þar sem 50% tekna fara beint í launakostnað?
- stjórnlagabætur sem mun kosta ca. 600 milljónir, og deilunum sem því munu fylgja
- kerfi þar sem enginn vill spara og skúringakonurnar fá alltaf höggið?
- tugmilljarða greiðslum í gæluverkefni stjórnámálanna?
- launakröfum stétta sem hafa kverkartak á þjóðinni?
- alþingi þar sem fáir virðast hafa kjark til þess að taka á málum?
- alþingi þar sem liðapólitík og skrum virðast vera tekin fram yfir málefni?
- fólki sem lemur búsaðöld og hendur mat í lögreglu?
- stjórnmalaflokkum sem vilja ekki taka á vandanum?
- þjóð sem heldur áfram í partíinu?